

Hugmyndasamkeppni um kirkju
og menningarhús í Mosfellsbæ

Dómnefndarálit





ÁVARP FORMANNS DÓMNEFNDAR

Á undanförunum árum hafa verið í umræðu tvær hugmyndir um byggingu menningarstofnana í miðbæ Mosfellsbæjar; annars vegar bygging menningarhúss og hins vegar bygging kirkju. Á árinu 2006 hófust síðan formlegar viðræður milli sóknarnefndar Lágafellssóknar og Mosfellsbæjar sem urðu m.a. til þess að gerðar voru ítarlegar þarfagreiningar fyrir nýtt menningarhús og kirkju í sameiningu.

Í nýju menningarhúsi og kirkju ásamt nýju safnaðarheimili skapast vettvangur fyrir margþætta menningarstarfsemi í þágu samfélagsins, hvort heldur er í menningarhúsi einu og sér eða kirkjunni eða með samnýtingu allra hluta byggingarinnar. Þetta er í samræmi við viljayfirlýsingu Lágafellssóknar og Mosfellsbæjar sem undirrituð var þann 25. júní 2008. Í henni kom jafnframt fram að niðurstöður þarfagreininga skyldu nýttar sem grundvöllur að hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús í Mosfellsbæ.

Markmið Mosfellsbæjar og kirkjunnar með hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús er að laða fram fjölbreyttar og metnaðarfullar hugmyndir að byggingu sem nýtast muni í þágu menningar- og kirkjustarfs í Mosfellsbæ. Einnig að stuðla að samvinnu til eflingar kirkju- og menningarstarfsemi, er verði bæjarfélaginu til sóma og menningarlífi bæjarins til framdráttar. Loks er stefnt að því að ná fram hagkvæmni í rekstri hússins, m.a. með samnýtingu búnaðar og skörun aðstöðu.

Við mat á tillögum lagði dómnefnd áherslu á að heildaryfirbragð byggingarinnar endurspegli framsækna byggingarlist en jafnframt að byggingin falli vel að umhverfi sínu. Einnig að innra og ytra fyrirkomulag sé sannfærandi og í samræmi við húsrýmisáætlun og að fagleg sjónarmið um starfsemi hússins væru höfð að leiðarljósi. Þá var lögð áhersla á að skipulag lóðar og umhverfis falli að húsinu og nærliggjandi byggð, byggingin verði sveigjanleg í notkun og að aðkoma og innra fyrirkomulag hússins verði aðlaðandi fyrir alla aldurshópa. Jafnframt að efnisval hæfi fyrirhugaðri starfsemi og stuðli að hóflegum rekstrar- og byggingarkostnaði og að áfangaskipting byggingarinnar verði auðveld. Þá var sérstaklega horft til þess að sérstaða Urðanna væri virt.

Dómnefnd var sammála um að innsendar tillögur væru áhugaverðar og fallega framsettar og þær fælu í sér fjölda eftirtektarverðra hugmynda um útfærslu á samnýtingarmöguleikum þeirra rýma sem um ræðir. Þá var athyglisvert að sjá hvernig til tókst í mörgum tillögum að virða sérstöðu Urðanna og láta bygginguna falla vel að umhverfi sínu, en um leið að skapa einstaka byggingu sem tekið yrði eftir. Ákveðið var að fjórar tillögur hlytu verðlaun en að auki fengi ein viðurkenninguna „athyglisverð tillaga“.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem sendu inn tillögur fyrir þá miklu vinnu sem þeir hafa lagt af mörkum og sýndan áhuga á verkefninu. Einnig langar mig að þakka Arkitektafélaginu fyrir samstarfið og dómnefndinni fyrir vel unnin störf sem og starfsfólki Mosfellsbæjar og kirkjunnar sem að verkefninu kom.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar og formaður dómnefndar.

TEGUND OG TILHÖGUN SAMKEPPNI

Samkeppnin var almenn hugmyndasamkeppni, haldin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands, og opin til þátttöku öllum íslenskum ríkisborgurum og erlendum arkitektum sem eru félagar í AÍ. Hún var auglýst með heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu þann 4. febrúar 2009 og var skilafrestur tillagna til 30. apríl 2009.

Skv. keppnislýsingu var stefnt að því að veita þrenn verðlaun og skyldu 1. verðlaun ekki vera lægri en 4.000.000 kr. Heildarverðlaunafé var kr. 7.000.000, en að auki var dómnefnd heimilt að veita sérstakar viðurkenningar allt að 1.000.000 kr.

DÓMNEFND

Dómnefnd var skipuð tveimur fulltrúum Mosfellsbæjar, einum fulltrúa frá kirkjunni og tveimur fulltrúum frá Arkitektafélagi Íslands (AÍ). Dómnefndina skipuðu:

Tilnefnd af Mosfellsbæ:
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, formaður dómnefndar,
Hanna Bjartmarz Arnardóttir, bæjarfulltrúi.
Tilnefndur af sóknarnefnd Lágafellssóknar:
Hilmar Sigurðsson, formaður sóknarnefndar.
Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:
Ólafur Sigurðsson arkitekt,
Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt.

Trúnaðarmaður dómnefndar var Helgi Hafliðason arkitekt.

Ritarar dómnefndar voru Brynhildur Georgsdóttir, verkefnastjóri eignasjóðs Mosfellsbæjar og Finnur Birgisson, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

Ráðgjafar dómnefndar voru: Bryndís Brynjarsdóttir, Formaður menningarmálanefndar Mosfellsbæjar, Helga Jóhannesdóttir, nefndarmaður í fræðslunefnd Mosfellsbæjar, Hreiðar Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Lágafellssóknar, Kristján Sigurbjarnarson, varaformaður sóknarnefndar Lágafellssóknar, Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar og Marta Hildur Richter, forstöðumaður bókasafns Mosfellsbæjar.

ALMENNT UM STÖRF DÓMNEFNDAR

Þegar skilafrestur í samkeppninni rann út, höfðu alls borist 32 tillögur. Var þeim stillt upp í sal á 2. hæð í Íþróttamiðstöð við Varmá og þar fóru fundir dómnefndar fram. Á fyrsti fundi dómnefndar þann 18. maí 2009 var úrskurðað að allar tillögurnar væru tækar til dóms.

Dómnefnd útbjó sér gátlista þar sem farið var yfir hverja tillögu út frá markmiðum í keppnislýsingu. Aflað var umsagna ráðgjafa um tiltekin atriði í þeim tillögum sem helst þóttu koma til greina í verðlaunasæti. Dómnefnd komst að niðurstöðu þann 10. júní, og á fundi þann 11. júní var nafnleynð rofin að viðstöddum trúnaðarmanni.

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Á fundi sínum 10. júní 2009 komst dómnefndin að eftirfarandi samhljóða niðurstöðu um skipan tillagna í verðlaunasæti og verðlaunaupphæðir:

1. verðlaun, kr. 4.000.000
Tillaga nr. 24, merkt 09007

2. verðlaun, kr. 2.500.000
Tillaga nr. 22, merkt 23402

3. – 4. verðlaun, kr. 750.000
Tillaga nr. 12, merkt 44679

3. – 4. verðlaun, kr. 750.000
Tillaga nr. 23, merkt 12039

Jafnframt ákvað dómnefndin að veita tillögu nr. 5, merktri 38611, viðurkenninguna „athyglisverð tillaga“. 10. júní 2009

Haraldur Sverrisson
formaður dómnefndar
Hanna Bjartmarz
Hilmar Sigurðsson
Ólafur Sigurðsson FAÍ
Ögmundur Skarphéðinsson FAÍ

HÖFUNDAR VERÐLAUNATILLAGNA OG „ATHYGLISVERÐRAR TILLAGU“

**Tillaga 24 - merkt 09007,
1. verðlaun, kr. 4.000.000**

Höfundar: Arkitektúr.is: Carlon Hlynur Keyser, Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson, Kristján Garðarsson, Magnea Harðardóttir og Michael Blikdal Erichsen.

**Tillaga 22 - merkt 23402,
2. verðlaun, kr. 2.500.000**

Höfundar: ASK Arkitektar ehf.: Þorsteinn Helgason arkitekt FAÍ, Gunnar Örn Sigurðsson arkitekt FAÍ, Valdimar Harðarson arkitekt FAÍ, Páll Gunnlaugsson arkitekt FAÍ, Árni Friðriksson arkitekt FAÍ, Sigurlaug Sigurjónsdóttir arkitekt FAÍ. Aðstoð: Helgi Indriðason arkitektanemi og Rafn Hermannsson byggingarfræðingur BFÍ.

**Tillaga 12 - merkt 44679,
3. – 4. verðlaun, kr. 750.000**

Höfundar: Arkþing ehf.: Þórður Þorvaldsson arkitekt FAÍ, Guðrún Ingvarsdóttir arkitekt FAÍ, Helgi Mar Hallgrímsson arkitekt FAÍ. Landslag: Landhönnun Slf. / Hermann Ólafsson landslagsarkitekt FÍLA

**Tillaga 23 - merkt 12039,
3. – 4. verðlaun, kr. 750.000**

Höfundar: PK Arkitektar: Pálmar Kristmundsson arkitekt og Fernando de Mendonca arkitekt. Aðstoðarmenn: Helge Garke arkitekt (þrívíddarmyndir) og Kristjana Margrét Sigurðardóttir arkitekt.

**Tillaga 5 - merkt 38611,
„Athyglisverð tillaga“**

Höfundar: Agnieszka Nowak arkitekt, Anna Leoniak arkitekt og Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ